

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla 9.október 2014 frá klukkan 16:15-17:15

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Sigurbjörg Ásdís Snjólfsdóttir fulltrúi kennara og Magnea Ólafsdóttir fulltrúi kennara. Bjarklind Alda Gísladóttir fulltrúi starfsmanna mætti ásamt Halldóru Hreinsdóttur fulltrúa foreldra. Þóra Guðrún Einarsdóttir fulltrúi foreldra boðaði forföll. Alexandra Marín Sveinsdóttir og Davíð Már Jóhannesson fulltrúar nemenda mættu. Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins mætti.

Dagskrá:

- 1.mál Upphaf skólaársins
- 2.mál Farið yfir skólaárið - skipulag og viðburði
- 3.mál. Starfsáætlun skólans borin upp til samþykktar
- 4.mál Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Upphaf skólaársins

Sigurbjörg fór yfir upphaf skólaársins og sagði frá breyttu fyrirkomulagi á skólasetningu. En þá voru allir nemendur Akurskóla boðaðir á sama tíma inn í skólastofur, þar sem kennarar tóku móti þeim og settu skólann. Foreldrar voru almennt ánægðir með breytinguna en nokkrir hafa bent á óþægindi ef þau eiga fleiri en 1 eða 2 börn. Hugmynd að hafa tvískipt á næsta skólaári. Sigurbjörg fór yfir stöðu kennara og annars starfsfólks. Mikið er af nýjum kennurum, leiðbeinendum og nýju starfsfólki. Skólaárið byrjar vel og er nýja fólkið að standa sig vel, áhugasamt og fellur vel í hópinn. Þá eru reyndari kennarar við skólann duglegir að taka nýja að sér og leiðbeina þeim.

2.mál Farið yfir skólaárið - skipulag og viðburðir

Sigurbjörg fór yfir skóladagatalið og þá viðburði sem eru á næstunni. Starfsdagur og vetrarfrí er nú í október, starfsmenn vinna starfsdaginn af sér með námskeiði sem verið seinna í október.

3.mál Starfsáætlun

Sigurbjörg óskaði eftir athugasemdum frá öllum aðilum.

- Lára fulltrúi grenndarsamfélags var með nokkrar athugasemdir um málfar og fleira.
- Ábendingar um upplýsingar frá nemendaráði, diskótek, flott án fíknar o.s.frv.
- Fundarmenn samþykktu starfsáætlun og skrifuðu undir plagg þess efnis.

4.mál Önnur mál

- Fulltrúar nemenda komu með nokkrar ábendingar:
 - Sérkennsla, mætti vera meiri sérkennsla fyrir unglingastig.
 - Fækka nemendum í nemendaráði en nú eru 32 í því vali.
 - Fjárafánir fyrir 10. bekkjar ferð. Til dæmis að nemendur í 10. bekk færu í gæslu í frímínútum og stýrðu leikjum.
 - Skólamaturlausn, fá aftur sölu á nesti í frímínútum.
 - Nemendur vildu vita hvort ekki væri hægt að hafa ástundun öðruvísi en að lækka bara í ástundunareinkunn. Skólastjóri upplýsti nemendur um að ekki væri ástundunareinkunn í Akurskóla. Eingöngu væri fylgst með fjarvistum og seinkomum og þær skráðar.
 - Byrja fyrr á tungumálakennslu.

Ekkert kom fram og fundi slitið kl.17:15.

Fundargerð þessa ritaði

Gróa Axelsdóttir

Aðstoðarskólastjóri Akurskóla